

## 12. gr.

174

Brot gegn samþykkingum þessum varða sektum frá 10—200 króna, og er veiði eða andvirði hennar upptækt og renni í félagssjóð. 16. okt.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gunnl. E. Briem.*

## ARÐSKRÁ

175

fyrir Veiðifélag Reykjakvíslar. 16. okt.

Nöfn jarða:	Arðeiningar:	Nöfn jarða:	Arðeiningar:
Þverá .....	40	Geitafell .....	100
Holtakot .....	75	Kasthvammur .....	40
Stóru-Reykir .....	70	Árhvammur .....	40
Litlu-Reykir .....	60	Presthvammur .....	30
Hveravellir .....	60	Klömbur .....	75
Laufahlíð .....	30	Brekka .....	40
Brekknakot .....	45	Yztihvammur .....	60
Klambrasel .....	100	Nes .....	80
Langavatn .....	80	Árbót .....	75

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gunnl. E. Briem.*

## REGLUGERÐ

176

um skipun slökkviliðs og brunamála í Seyðisfjarðarkaupstað. 17. okt.

## I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

## 1. gr.

Brunamálanefnd er skipuð 3 bæjarfulltrúum og slökkviliðsstjóra. Auk þess á bæjarstjóri sæti í nefndinni og er hann formaður hennar. Um kosningu nefndarinnar fer með sama hætti og annarra fastra nefnda bæjarstjórnar, og skal hún kosin til sama tíma.

Brunamálanefnd hefur á hendi, undir umsjón bæjarstjórnar, stjórn brunamála kaupstaðarins, að svo miklu leyti, sem starfið heyrir ekki beinlínis undir slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálaanna og reglugerðar þessarar sé í öllu fram fylgt.